

Miðvikudaginn 5. maí 1943.

Kærumálið nr. 4/1943. **Einar Ragnar Jónsson**

gegn

**h/f Muninn.**

Fulltrúi dómara ekki bær til úrskurðar um, hvort dómari ætti að vikja sæti.

### **Dómur hæstaréttar.**

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmannsins í Reykjavík.

Kærumál þetta hefur hæstarétti verið sent með bréfi lögmannsins í Reykjavík 17. apríl þ. á. og hingað komnu 19. s. m. Kærir sóknaraðili úrskurð, kveðinn upp í fógatarétti Reykjavíkur 10. apríl þ. á., þar sem synjað er kröfu hans um það, að lögmaðurinn í Reykjavík viki sæti. Kröfur eða greinargerð af hálfu sóknaraðilja fylgdu ekki málinu, en ætla verður eftir skjölum málsins, að hann kæri úrskurðinn í því skyni, að hann verði með öllu felldur úr gildi.

Sóknaraðili krafðist þess í héraði, að lögmaðurinn í Reykjavík viki sæti, vegna þess að fulltrúi hans Bjarni Bjarnason væri persónulega við málið riðinn. Fulltrúi lögmanns, er með málið fór í fógataréttinum, kvað þá upp úrskurð þann, sem nú hefur verið kærður. Með því að sýnt þykir af ákvæðum 2. sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, að dómari skuli persónulega úrskurða um það, hvort hann viki sæti í máli, þá var ekki rétt af fulltrúa hans að leggja úrskurð á slíka kröfu, enda þótt hann færi með málið að öðru leyti. Þykir því verða að ómerkja ex officio úrskurð þann, sem kærður er, og vísa málinu heim í hérað til lögleggrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt, og fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður skal vera ómerkur, og visast málinu heim í hérað til lögleggrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

**Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 10. apríl 1943.**

Í máli þessu hefur gerðarþoli krafizt þess, að lögmaðurinn í Reykjavík viki sæti vegna þess, að fulltrúi hans væri í stjórn hluta-félags þess, er um gerðina biður. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar mótmælt því, að ástæða væri fyrir lögmann að vikja sæti, og var því attriðið tekið til úrskurðar í dag. Af hinum framlögðu skjölum verður séð, að Bjarni Bjarnason, fulltrúi lögmanns, er hluthafi í h/f Mun-inn og í stjórn þess. Hins vegar verður ekki séð, að hann hafi þeirra hagsmuna að gæta í sambandi við félag þetta, að það samræmist gild-andi lögum, að lögmaðurinn í Reykjavík, sem hann er fulltrúi hjá, viki sæti af þeim sökum.

Því úrskurðast:

Lögmaðurinn í Reykjavík vikur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 5. maí 1943.

Nr. 59/1941. **Björn Gottskálksson** (Magnús Thorlacius)  
gegn

**Kristjáni Kjartanssyni**  
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Mótmæli gegn kröfu of seint fram borin.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi, sem skotið hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. júlí 1941, máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. s. m., krefst þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 73.55 vaxtalaust, að málskostnaður í héraði falli niður og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfest-ingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti.

Mál þetta var þingfest í héraði 10. október 1940. Lagði stefndi þá fram sáttakæru, stefnu, reikninga, vottorð og greinargerð. Áfrýjandi kom sjálfur fyrir dóm ásamt Jóni Sigurðssyni lögfræðingi, og fengu þeir frest til 17. s. m. Er